

Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Arna Kristín Einarsdóttir
flauta

Geir Rafnsson
slagverk

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 31. ágúst 1999 kl. 20:30

Efnisskrá

Arna Kristín Einarsdóttir lauk einleikarprófi frá Tónlistarskóla Reykjavíkur árið 1990. Framhaldsnám stundaði hún svo við háskólann í Indiana, Bloomington, undir leiðsögn Peter Lloyd og lauk þaðan burtfararprófi með virktum árið 1992. Arna stundaði nám við Royal Northern College of Music í Manchester á Englandi í tvö ár og útskrifaðist þaðan með Postgraduate Diploma. Arna Kristín hefur komið víða fram hér á landi bæði sem einleikari, eða með hinum ýmsu kammersveitum og hljómsveitum eins og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún hefur leikið inn á hljómplötur, bæði hefðbundna sem og nútímatónlist. Frá 1996 hefur Arna Kristín komið reglulega fram með duó-inum mallika & mcqueen og starfað sem lausráðinn flautuleikari með hinum ýmsu hljóm- og kammersveitum á Englandi.

Geir Rafnsson hóf sitt tónlistarnám við Tónlistarskólann á Akureyri undir handleiðslu Roar Kvam. Þvínæst lá leið hans í Tónlistarskóla FÍH og þaðan lauk hann burtfararprófi árið 1994. Framhaldsnám stundaði hann við Royal Northern College of Music í Manchester á Englandi, þar sem aðalkennari hans var Ian Wright. Hann lauk því námi árið 1997. Geir er íslenskum hlustendum kunnugur þar sem hann hefur spilað mikið opinberlega hér á landi undanfarin ár. Hann hefur leikið á trömmur með hinum ýmsu dans- og popphljómsveitum, svo og á slagverk með Sinfóníuhljómsveit Íslands og ýmsum kammersveitum. Á Englandi hefur Geir komið reglulega fram með 4mality slagverkssveitinni, mallika & mcqueen og ýmsum öðrum sveitum. Árið 1997 hlaut Geir önnur verðlaun í slagverkskeppni sem haldin er árlega af Percussive Arts Society's, fyrir verk er hann nefnir *Hekla*.

Geir Rafnsson	Song, flauta og marimba
W. Cahn	Circles, flauta, piccalo og slagverk
Geir Rafnsson	Hekla, solo marimba
Scott Kennedy-French	Hyperballade, flauta og slagverk
Geir Rafnsson	Hugleiðing, solo flauta
Geir Rafnsson	Grúfur, flauta og slagverk
Toru Takemitsu	Voice, solo flauta
mallika og mcqueen	Mósaík, flauta og slagverk